



Alþingi
Erfindi nr. B 120/1439
komudagur 12/12 1995

SLYSAVARNAFÉLAG ÍSLANDS

THE NATIONAL LIFE-SAVING ASSOCIATION OF ICELAND

VERNDARI/PATRON:
FORSETI ÍSLANDS/THE PRESIDENT OF ICELAND

Reykjavík, 12. desember 1995.

*Samgöngunefnd Alþingis
b.t. nefndardeildar Alþingis
Þórshamri v/Templarasund.*

Slysavarnafélag Íslands fagnar framkomu frumvarpi til laga um Siglingastofnun Íslands og vonast til að það verði samþykkt sem allra fyrst.

Starfsemi Siglingamálastofnunar ríkisins og Vita- og hafnamálastofnunar skarast í dag að nokkru leyti, því báðar þessar stofnanir tengjast siglingum og öryggismálum sjófarenda náð og ættu því sameinadar að hafa meira yfirsýn og geta nýtt fjármuni betur til nauðsynlegra rannsókna vegna siglingahættu, sjóslysa og allra hafnamannvirkja í landinu.

Ljóst er að samnýta má mannafla og hagræða í rekstri við sameiningu þessara tveggja stofnana sem gert er ráð fyrir að verði til húsa í núverandi húsnæði Vita- og hafnamálastofnunar. Þar er góður húsakostur og ágæt aðstaða til rannsókna á innsiglingum og höfnum landsins.

Það er skoðun Slysavarnafélags Íslands að öll upplýsingaöflun um skipaflotann, hafnarmannvirki, sjóslys og fleira tengt siglingum verður betur fyrir komið í einni öflugri stofnun en í tveimur stofnunum eins og staðan er í dag.

*Virðingarfyllst
f.h. Slysavarnafélags Íslands*

Esther Guðmundsdóttir
- framkvæmdastjóri -